



ÚTHLUTUN 24. MAÍ 2020

Kópavogsbær í samstarfi við H. C. Andersen safnið í Óðinsvéum, Múmín-safnið í Tampere og Undraland Ilons í Haapsalu – kr. 6.500.000.-

Vatnsdropinn er fyrsta alþjóðlega og þverfaglega menningarverkefnið sem tengir norrænar barnabókmenntir við þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið er til þriggja ára og fer fram í fjórum löndum. Það byggir á vinnusmiðjum, sýningum og viðburðum fyrir almenning þar sem norræn skólabörn verða virkjuð í sýningarstjórn og allri framkvæmd.

Háskóli Íslands – Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í samstarfi við Andrúm arkitekta ehf og Gagarín ehf – kr. 5.000.000.-

Tungumálatré er hluti sýningar í Tungumálastofu í Veröld – Húsi Vigdísar. Um er að ræða gagnvirka sýningu, sem ætluð er til fræðslu og vitundarvakningar um tungumál heims, þar sem tungumálum og vísindum verður miðlað til grunnskólanema og kennara þeirra á gagnvirkan og lifandi hátt með það að markmiði að örva hugsun, vekja áhuga þeirra og skilning.

Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs í samstarfi við Þjóðleikhúsið, Leikfélag Hólmavíkur og samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Suðurlandi, Vesturlandi, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra – kr. 4.600.000.-

Þjóðleikur er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og margra grunn- og framhaldsskóla, menningarráða, sveitarfélaga og áhugaleikfélaga á landsbyggðinni. Markmið þess er að efla íslenska leikritun, styrkja leiklistariðkun ungs fólks og auka áhuga þess á leiklist, auk þess sem það styrkir fagþekkingu á leiklist í skólum og hjá áhugaleikfélögum. Verkefnið gengur nú gegnum þróunarferli sem ætlað er að styrkja grundvöll þess til frambúðar og koma samstarfinu við landshlutana í fastari skorður.

Gerðarsafn í samstarfi við 11 sjálfstætt starfandi listamenn og unglíngastig grunnskólanna í Kópavogi – kr. 4.000.000.-

Í takti – Unglingar og samtímalist er verkefni þar sem Gerðarsafn leggur við hlustir um það hvernig unglíngar kjósa að upplifa samtímalist. Verkefnið byggir á samtali milli safns og unglínga og er leitt af þverfaglegum hópi listamanna. Þau finna sér afdrep innan safnsins og koma til með að hafa mótandi áhrif á starfsemina. Unglínarnir finna sínar leiðir til fræðast um samtímalist og safnið lærir af þeim.

List fyrir alla – kr. 4.000.000.-

Listveitan er verkefni á forræði *Listar fyrir alla* unnið í samstarfi við grasrót listamanna og menningarstofnanir. Verkefnið felst í því að auka aðgengi að listviðburðum fyrir börn og ungmenni, auk þess að deila fræðslu og námsefni af vettvangi lista og sköpunar. Listveitan verður aðgengileg á vefnum www.listfyriralla.is

Menningarhúsin í Kópavogi – kr. 4.000.000.-

Smíðjur óháð tungumáli í myndlist, tónlist og ritlist þar sem listamenn frá Póllandi, Íslandi og Serbíu leiðbeina á pólsku, spænsku, ítölsku, þýsku, ensku og íslensku með það að leiðarljósi að börn og

fjölskyldur geti notið skapandi stunda óháð tungumáli eða menningarbakgrunni. Verkefnið byggir á fjölþjóðlegu barnamenningarverkefni sem hlaut styrk frá Barnamenningarsjóði 2019.

Ari Hlynur Guðmundsson Yates í samstarfi við The Animation Workshop/VIA University College í Viborg, Listkennsludeild LHÍ, Lækjarskóla, Setbergsskóla og Hraunvallaskóla í Hafnarfirði, Garðaskóla í Garðabæ, Fellaskóla í Reykjavík og Landvernd – kr. 3.500.000.-

FLY – ÍSLAND 2 er framhald verkefnis sem miðar að því að innleiða nýjar kennsluaðferðir á sviði sjónrænnar sögugerðar í grunnskólum. Verkefnið byggir á vinnustofum fyrir kennara og nemendur þeirra, ásamt gerð kennsluefnis og miðlun þekkingar og reynslu af sambærilegu verkefni í Danmörku. Fyrsti hluti verkefnisins fékk stuðning frá Barnamenningarsjóði 2019.

Austurbrú í samstarfi við Skaftfell, Sviðslistamiðstöð Austurlands, Tónlistarmiðstöð Austurlands, Skólaskrifstofu Austurlands, Ungmennaráð Austurlands og List fyrir alla – kr. 3.000.000.-

BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi 2020 - Einkunnarorð hátíðarinnar eru Þora! Vera! Gera! enda er leiðarljós hennar að börn þori að vera þau sjálf og framkvæmi á eigin forsendum. Hátíðin er haldin frá miðjum september fram í október þar sem fram fara litlir sem stórir listviðburðir auk námskeiða og fræðslu á sviði lista og menningar. Yfirskriftin í ár er "Réttur til áhrifa" og byggir á 12. grein Barnasáttmála Sp.

Reykjavíkurborg – Barnamenningarhátíð í samstarfi við Hörpustrengi ehf, List fyrir alla, Tónlistarborgina Reykjavík og tónlistardeild Listaháskóla Íslands – kr. 3.000.000.-

BIG BANG er evrópsk tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur sem fá að upplifa fjölbreytta og metnaðarfulla efnisskrá er samanstendur af tónleikum, innsetningum og tónlistartengdum smiðjum undir handleiðslu fagfólks í tónlist. Sérstök áhersla er lögð á tónlistarfólk og tónskáld sem sjá ævintýrið í tónlistarsköpun sinni og vilja leita frjórna leiða til að kynna tónlist fyrir börnum og deila með þeim sviðinu. BIG BANG er þróunarverkefni til þriggja ára og fékk styrk frá Barnamenningarsjóði 2019.

Listasafn Reykjavíkur – kr. 3.000.000.-

Varpið – margbrotið verkefni um samtímalist sem miðar að því að efla fræðslu og miðlun á samtímalist til barna og unglinga. Varpið á samastað veflægt og sem „pop-up“ viðburðir í safnhúsunum og mætir ungum áhorfendum á þeirra forsendum. Útbúinn verður viðamikill fræðslugrunnur sem byggist á safneigninni og notaður verður við útfærslu stakra viðburða í framtíðinni. Fyrsti sýnilegi viðburður Varpsins er sýning í Hafnarhúsi árið 2021.

Reykjavíkurborg – Bókmenntaborg UNESCO í samstarfi við Borgarbókasafnið, Barnamenningarhátíð í Reykjavík, Leikfélag Reykjavíkur, skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, Menningarfélag Akureyrar, List fyrir alla, Menntamálastofnun og Ríkisútvarpið – kr. 2.600.000.-

Sögur – samstarfsverkefni á vettvangi tónlistar, kvikmynda, ritlistar og sviðslista, ætlað að lyfta verkum barna og sýna þeim hvað getur orðið úr hugmyndum þeirra. Einnig að hefja upp íslenskuna sem skapandi tungumál og styrkja börn í að nýta tungumálið á fjölbreyttan hátt, ásamt því að gefa börnum rödd og tækifæri til að velja það sem þeim finnst vel gert á sviði barnamenningar. Framundan er átak til að styrkja verkefnið og víkka það út til landsins alls.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón-og heyrnarskerðingu í samstarfi við Ninnu Margréti Þórarinsdóttur hönnuð – kr. 2.500.000.-

Að hugsa sér – þreifibækur fyrir blind og sjónskert börn, með það að markmiði að auka aðgengi blindra barna að bókum. Huga þarf að ýmsu eigi bókin að vera aðgengileg fyrir blind börn þar sem þau þurfa að nota önnur skynfæri en sjón við lestur og skoðun bóka. Með þreifibókum fá blind börn tækifæri til að skilja og túlka myndir, læra um form og mismunandi áferð og kynnast punktalettrinu sem þau þurfa að tileinka sér.

Tálknafjarðarskóli í samstarfi við Kómedíuleikhúsið og grunnskóla á sunnanverðum Vestfjörðum – kr. 2.300.000.-

Listasmiðjur með listamönnum úr heimabyggð er verkefni sem ætlað er að auka flóru listsköpunar meðal skólabarna á sunnanverðum Vestfjörðum. Það felur í sér samstarf milli grunnskóla og listamanna sem búa á eða eru ættaðir af svæðinu. Listamennirnir koma heim og taka þátt í verkefninu með því að deila þekkingu sinni og list til barnanna í gegnum almennt skólustarf og í reglulegum listasmiðjum.

Trúðavaktin - Íslensku sjúkrahústrúðarnir í samstarfi við Barnaspítala Hringins – kr. 2.200.000.-

Trúðavaktin hefur það markmið að skapa stuttar gleðistundir með börnum í erfiðum aðstæðum. Vaktina skipa tíu fagmenntaðir leikarar sem hafa hlotið sérstaka þjálfun í aðferðarfræði og vinnusiðferði sjúkrahústrúða. Trúðarnir heimsækja öll börn frá 0-18 ára á Barnaspítala Hringins, alla fimmtudaga, árið um kring, tveir trúðar í senn. Verkefnið hlaut styrk úr Barnamenningarsjóði 2019 og fær áframhaldandi stuðning til að efla starfið og fjölga trúðum á vakt.

Askur og Embla ehf í samstarfi við List fyrir alla o.fl. – kr. 2.000.000.-

Kvikindahátíð – stuttmyndasamkeppni. Í tilefni þess að Evrópsku kvikmyndaverðlaunin eru haldin á Íslandi árið 2020 verður efnt til veglegrar stuttmyndasamkeppni fyrir unglunga um allt land. Í aðdraganda keppinnar fá ungmennin kynningu á störfum listamanna í kvikmyndageiranum og aðgang að kennslumyndböndum í kvikmyndagerð sem lið í að skapa sín eigin kvikmyndaverk.

Fjallabyggð í samstarfi við hóp listamanna og grunnskóla sveitarfélagsins – kr. 2.000.000.-

Himinn og haf – Barnamenningardagar í Fjallabyggð þar sem í boði verða fjölbreyttar listsmiðjur fyrir börn og ungmenni. Markmiðið er að efla menningarstarf barna, gefa þeim tækifæri óháð stöðu og efnahag til að kynna flóru menningar og lista í samfélaginu og sem þátttakendur að rækta hæfileika sína til listsköpunar, auk þess að veita þeim hvatningu til skapandi hugsunar og kynna þeim heim og umhverfi menningar í byggðalaginu.

Hallveig Kristín Eiríksdóttir í samstarfi við Birni Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Ýri Skarpéðinsdóttur – kr. 2.000.000.-

Fuglabjargið – leikferð. Barnaróperan Fuglabjargið er mynd- og ljóðrænt skynjunarleikhús, þar sem fuglategundirnar sem byggja eyjuna Skrúð fyrir utan Fáskrúðsfjörð eru skoðaðar í gegnum gang árstíðanna. Barnamenningarsjóður veitir styrk til sýninga verksins á landsbyggðinni sem áformaðar eru á Akureyri, Egilsstöðum, Berufirði, Stöðvarfirði, Raufarhöfn, Ísafirði og Rífi.

Handbendi Brúðuleikhús ehf – kr. 2.000.000.-

HIP – Alþjóðleg brúðulistahátíð á Hvammstanga; Hvammstangi International Puppetry Festival. Hátíðin er ný hátíð, sem ætlað er það hlutverk að auka fjölbreytni menningar í Húnaþingi vestra og gefa börnum á svæðinu tækifæri til að taka þátt í vönduðum listviðburðum á hátíð þar sem íslenskir og alþjóðlegir brúðulistamenn bjóða upp á brúðusýningar, vinnustofur og fyrirlestra. Handbendi hlaut styrk frá Barnamenningarsjóði 2019 fyrir sumarnámskeiði í leiklist.

O.M.A.H.A.I. – félagasamtök – kr. 2.000.000.-

Sögur af stríði endurskrifaðar sem sögur af friði er verkefni ætlað börnum innflytjenda á aldrinum 10–14 ára og miðar að því að segja sögur barna sem búsett eru á Íslandi en eiga rætur í annars konar menningu. Börnin eru hvött til að segja sögur að heiman og tengja þær reynslunni af að uppgötva og aðlagast nýrri menningu sem er þeim framandi. Börnin fá vandaða leiðsögn og hvatningu til að þróa með sér ýmsa hæfileika, sem opna þeim leiðir og þekkingu til að ná lengra með sögur sínar og umrita þær í sögur af von.

Óbyggðasetur ehf í samstarfi við Hildi Bergsdóttur, Skúla Magnús Júlíusson, Fellaskóla í Fellabæ, Náttúrustofu Austurlands og Vatnajökulþjóðgarð – kr. 2.000.000.-

Náttúruskólinn - lifandi fræðsla um náttúru, náttúruvernd, sögu og menningarminum með það að markmiði að auka sjálfstraust og virkni barna og unglunga, 7 – 15 ára, með áskorunum og þjálfun í

samvinnu. Þá er náminu ætlað að vekja hjá þátttakendum áhuga á náttúru Íslands og efla virðingu þeirra fyrir náttúrunni til framtíðar.

Pera Óperukollektíf í samstarfi við Ásbjörgu Jónsdóttur, Birgit Djupedal, Birgitte Holt Nielsen og Helga Rafn Ingvarsson – kr. 2.000.000.-

Sönglist fyrir börn og unglunga á Óperudögum 2020 er fjölbreytt og nýstárleg dagskrá fyrir börn og unglunga sem verður í boði á Óperudögum 2020, með það að markmiði að kynna þeim óperuformið og bjóða þeim upp á barnvæna tónleika. *Hjertelyd* er ópera fyrir ungabörn frá 0-2,5 árs; *Ljóð fyrir loftslagið* er norrænt samstarfsverkefni þar sem sterk áhersla er lögð á virka þátttöku og listsköpun barna í samstarfi við ungt listafólk; *Music and the Brain* er glæný rafópera eftir Helga Rafn Ingvarsson.

Þroskahjálp – landssamtök í samstarfi við UngRÚV og þáttagerðarteymið að baki þáttunum „Með okkar augum“ – kr. 2.000.000.-

Frá okkar bæjardýrum séð – listsmiðjur fyrir unglunga með þroskahömlun. Í smiðjunum er unnið með listsköpun, réttindi og menningu unglunga með þroskahömlun og skyldar fatlanir. Verkefnið stefnir að vitundarvakningu um það sem stendur í vegi fyrir þátttöku fatlaðra barna í menningarlífi. Afskrá af vitundarvakningu um það sem stendur í vegi fyrir þátttöku fatlaðra barna í menningarlífi. Afskrá af vitundarvakningu um það sem stendur í vegi fyrir þátttöku fatlaðra barna í menningarlífi. Afskrá af vitundarvakningu um það sem stendur í vegi fyrir þátttöku fatlaðra barna í menningarlífi.

Ásthildur Björg Jónsdóttir í samstarfi við Guðbjörgu Lind Jónsdóttur, Ellen Gunnarsdóttur, Ilmi Dögg Gísladóttur f.h. Gerðubergs og Óskar Dýrmund Ólafsson f.h. Þjónustumiðstöðvar Breiðholts – kr. 1.800.000.-

Undrin í náttúru Íslands – listasmiðja. Haldin verða valdeflandi námskeið í myndlist fyrir börn og ungmenni í íslensku náttúru þar sem áhersla er lögð á að skoða hvað felst í hinu „góða lífi“. Á námskeiðinu er náttúran á höfuðborgarsvæðinu efniviður listsköpunar. Þátttakendur greina hvernig félagslegir þættir og umhverfið geta haft áhrif á líðan fólks. Niðurstöður verkefnisins verða settar upp á sýningu. Ásthildur hlaut styrk úr Barnamenningarsjóði 2019 fyrir listasmiðjuna Sögur af sjó.

Dansfélagið Lúxus í samstarfi við List fyrir alla, krakkaRÚV, Sviðslistamiðstöð Austurlands o.fl. – kr. 1.800.000.-

Derringur – leikferð. Derringur er nýtt íslenskt dansverk eftir danslistakonurnar, Snædís Lilju Ingadóttur og Valgerði Rúnarsdóttur. Verkefnið er unnið í náinni samvinnu við grunnskólabörn víða um land og sækir innblástur sinn í árstíðirnar fjórar og íslenskt veðurfar. Barnamenningarsjóður veitir styrk fyrir dansvinnustofur og sýningar verksins á landsbyggðinni sem áformaðar eru á Vestfjörðum, Suðurlandi, Austurlandi og Norðurlandi.

Íris Hrönn Kristinsdóttir í samstarfi við Bókasafn Háskólans á Akureyri, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Aftsbókasafnið á Akureyri, Barnabókasetur, Fræðsluvið Akureyrarbæjar, Skógræktarfélag Eyfirðinga og Vinnuskóla Akureyrarbæjar – kr. 1.800.000.-

Úti er ævintýri er læsishvetjandi ratleikur um Kjarnaskóg, eitt vinsælasta útivistarsvæði landsins. Leikurinn gengur út á að þátttakendur leita að persónum úr vinsælum barnabókmenntum í skóginum og læra um leið að lesa og rata eftir korti. Verkefnið sameinar barnamenningu, útivist, hreyfingu og myndlist í bland við lestur áhugaverðra barnabókatekta og tekta um náttúrufræði.

Kvikmyndamiðstöð Íslands í samstarfi við EFA Young Audience Award, Erlu Stefánsdóttur, Miðstöð sviðslista á Austurlandi, List fyrir alla, Oddnýju Jónsdóttur Sen, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi o.fl. – kr. 1.800.000.-

Verðlaunahátíð ungra áhorfenda eða EFA Young Audience Award er hluti af Evrópsku kvikmyndaakademíunni, þar sem krökkum á aldrinum 12 – 14 ára víðsvegar um Evrópu er árlega boðið að taka þátt á kvikmyndahátíð sem meðlimir í dómnefnd. Hátíðin fer fram samtímis í 40 Evrópulöndum og 70 borgum, Reykjavík er þar með talin, en að þessu sinni hefur verið ákveðið að stækka verkefnið og færa hátíðina út á land og gefa þannig fleiri börnum tækifæri til að taka virkan þátt á verðlaunahátíðinni.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf í samstarfi við 9 kvikmyndagerðarkonur – kr. 1.600.000.-

Stelpur filma! er vikulangt námskeið þar sem stelpur læra undirstöðuatriði í kvikmyndagerð. Margir samverkandi þættir gera það að verkum að stelpur eru ólíklegri til að prófa sig áfram í kvikmyndagerð og láta rödd sína heyrast. Með Stelpur filma! er stuðlað að því að leiðrétta þennan kynjahalla, með því að bjóða upp á rými þar sem stelpur fá næði til að þroska sína hæfileika og mynda tengsl við kvenkyns fyrirmyndir.

Hafnarfjarðarkaupstaður í samstarfi við Hafnarborg, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar, listamennina Ólaf Ólafsson og Libiu Castro, grunnskóla í Hafnarfirði og ungmennaráð Hafnarfjarðar – kr. 1.500.000.-

Bæjarstjórn unga fólksins er hlutverkaleikur fyrir einn árgang úr grunnskólum Hafnarfjarðar þar sem unga fólkið setur sig í hlutverk bæjarfulltrúa í einn dag og vinnur með málefni sem þau velja sjálf. Verkefnið tengist sýningu listamannatvíeykisins Ólafs Ólafssonar og Libiu Castro sem verður sett upp í Hafnarborg í vetur þar sem stjórnarskrá lýðveldisins Íslands verður til umfjöllunar.

Listasafn Árnesinga í samstarfi við Viktor Pétur Hannesson myndlistarmann og grunnskóla á Suðurlandi – kr. 1.500.000.-

Grasagrafík er yfirskrift námskeiða sem haldin verða á Suðurlandi, þar sem unnið verður með jurtir úr flóru Íslands og þær nýttar í listsköpun. Vinnan skilar sér m.a. í því að nemendur og kennarar þeirra sjá jurtir í náttúru Íslands í nýju ljósi.

Miðnætti leikhús í samstarfi við List fyrir alla og Þjóðleikhúsið – kr. 1.500.000.-

Geim-mér-ei; leiksýning á landsbyggðinni, farand-brúðusýning án orða um óvænta vináttu lítillar stelpu og framandi geimveru. Sagan er túlkuð án orða og með lifandi tónlist, hún hentar því börnum með mismunandi móðurmál og líka heyrnaskertum börnum. Notast er við Bunraku brúðutækni sem hvetur til skapandi leikstunda þegar heim er komið. Sýningarnar fara fram á Egilsstöðum, Akureyri, Rífi og Ísafirði.

Tungumálatöfrar félagasamtök í samstafi við Edinborgarhúsið, Ísafjarðarbæ, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Verkalýðsfélag Vestfjarða, Háskólasetur Vestfjarða, prófessorsembætti HÍ að Hrafnseyri o.fl. – kr. 1.500.000.-

Tungumálatöfrar er íslenskunámskeið með listsköpun og leik fyrir 5 – 11 ára fjölyngd börn. Námskeiðið er opið öllum börnum en er hugsað sérstaklega fyrir íslensk börn sem að hafa fæðst erlendis, börn með íslenskar rætur sem hafa flutt til útlanda og börn af erlendum uppruna búsett á Íslandi. Unnið er með myndlist, tónlist, sögur og leiki í umhverfi sem eflir málvitund og styrkir sjálfsmynd. Tungumálatöfrar hlutu styrk úr Barnamenningarsjóði 2019 og fær áframhaldandi stuðning til að þróa námsefni og aðferðir við kennslu fjölyngdra barna gegnum listsköpun.

Þorgrímur Þráinsson í samstarfi við grunnskóla á landsbyggðinni – kr. 1.500.000.-

Skapandi skrif í grunnskólum landsins byggja á reynslu Þorgríms Þráinssonar rithöfundar, sem lítur á læsi sem eitt mikilvægasta lýðheilsุมál þjóðarinnar. Hann hefur um langt árabíl boðið nemendum í 10. bekkjum grunnskóla um land allt upp á fræðslu um skapandi skrif, en í þetta sinn leggur Þorgrímur upp í enn einn hring kring um landið með það að markmiði að færa nemendum á miðstigi grunnskóla (í 5. - 7. bekk) fræðslu um skapandi skrif.

Strandagaldur í samstarfi við Arnar Ingvarsson, grunnskólana á Hólmanvík og Drangnesi, Reykhólaskóla, Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum o.fl – kr. 1.300.000.-

Galdraskólinn - viltu kynnast göldrunum innra með þér? Í Galdraskólanum læra börn um galdrana í okkur sjálfum og náttúrunni. Nemendur fræðast um galdra á Íslandi, menningu og sögu sem þeim tengjast. Svo verður efnið nýtt sem efniviður í sköpun og tjáningu í samstarfi við fagmenntaða listamenn. Áherslurnar eru sjálfstyrking með sjálfsrýni og sköpun sem samtvinnast með lærdómi um galdra og lækningajurtir sem tæki til að efla trú á eigin mátt. Strandagaldur fékk styrk frá Barnamenningarsjóði 2019 og fær áframhaldandi stuðning við að þróa starfsemina í nýjar áttir.

Svikaskáld í samstarfi við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO - kr. 1.300.000.-

Ljóðasmiðjur Svikaskálda eru ætlaðar unglíngum og ungmönnum með það að markmiði að gefa þeim tækifæri til að prófa vinnuaðferðir Svikaskálda og gefa út sín fyrstu ritverk. Í smiðjunum lesum við, rýnum og skrifum ljóð, sköpum og endursköpum og gefum loks út afraksturinn í ljóðabæklingi. Svikaskáld stýra smiðjunum og leggja áherslu á uppbyggilega samvinnu sem einkennist af trausti, sköpunargleði og trúnaði.

Afrika-Lole í samstarfi við Kórís – Landssamtök barna og ungmennakóra, Reykjavíkurborg og Tónmenntakennarafélag Íslands – kr. 1.200.000.-

FAR Fest Afríka Reykjavík er afrísk menningarhátíð með áherslu á tónlist og dans en þverfaglegt samstarf við önnur listasvið, mismunandi eftir þema hvers árs. FAR byggir á samstarfið milli íslensks, norræns og afríksk listafólks og stuðlar að tengslaneti sem má vinna með til framtíðar og eflir samvinnu og menningarlega þróun, m.a. á sviði tónlistar- og danskennslu og -iðkunar barna frá aldrinum 3 - 15 ára. FAR Fest Afríka Reykjavík stendur fyrir námskeiðum, fræðslu, tónleikum og kórtónleikum.

Hönnunarsafn Íslands í samstarfi við Jóhönnu Ásgeirsdóttur – kr. 1.100.000.-

Einar Þorsteinn - fyrir ungt fólk á öllum aldri. Börnum og ungmönnum verður boðið að setja sig í spor Einars Þorsteins Ásgeirssonar hönnuðar með meiru, í nýrri leik- og fræðslustöð um Einar Þorstein. Þar gerast þau rannsakendur og gera uppgötvanir um samhengi stærða, forma og eðli alheimsins. Í boði verður fræðsla, verkefni og leikföng fyrir alla fjölskylduna sem hvetja til sköpunar og tilrauna, allt innblásið af verkum Einars. Hönnunarsafn Íslands fékk styrk frá Barnamenningarsjóði 2019 fyrir hönnunarnámskeiði fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur.

Listasafnið á Akureyri í samstarfi við Akureyrarstofu, Lilý Erlu Adamsdóttur, Ninnu Þórarinsdóttur og Sigríði Ellu Frímansdóttur – kr. 1.000.000.-

Allt til enda - Listvinnustofur barna. Börnum á grunnskólaaldri verður boðið að sækja þrjár ólíkar listvinnustofur og vinna þar verk undir leiðsögn kraftmikilla og spennandi listamanna og hönnuða. Áhersla verður lögð á að börnin taki virkan þátt í öllu sköpunarferlinu, frá því að hugmynd fæðist þar til fullunnið listaverk er til sýnis fyrir gesti Listasafnsins á Akureyri. Áhersla verður lögð á að börnin taki virkan þátt í að sýna afraksturinn á sérstakri sýningu sem sett verður sett upp í lok hverrar vinnustofu, sýningarnar verða öllum opnar og þar fá börnin tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Maximus Musicus ehf í samstarfi við Hörpu, Almar Blæ Sigurjónsson, Pétur Oddberg Heimisson og Valgerði Guðrúnu Guðnadóttur – kr. 1.000.000.-

Sögustundir með Maxa í Hörpu eru ókeypis tónlistarsögustundir þar sem sögumaður flytur ævintýrin um músikölsku músina Maxímús Músíkús. Myndunum úr bókunum er varpað upp á stóran skjá og sagan er sögð ásamt hágæða hljóðritum Sinfóníuhljómsveitar Íslands af öllum tónverkunum sem sögunum fylgja. Í lok stundarinnar kemur músin sjálf og dansar við Lagið hans Maxa sem allir taka þátt í að syngja og dansa og allir fá að hitta vin sinn, Maxa mús.

Northern Wave, félagasamtök í samstarfi við Frystiklefann á Rífi o.fl. – kr. 800.000.-

Barna- og unglíngadagskrá Northern Wave. Alþjóðlega kvikmyndahátíðin Northern Wave býður nú í fyrsta sinn upp á metnaðarfulla dagskrá fyrir börn og unglínga. Boðið verður upp á super 8 krakkabíó með plakatasmiðju, sundbíó, skuggamyndasmiðju og hreyfimyndasmiðju.

Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf í samstarfi við Íslenska dansflokkinn, Kling og Bang Gallerí, Listaháskóla Íslands, Barnamenningarhátíð í Reykjavík, RÚV og Sigurð Inga Einarsson – kr. 800.000.-

Upptakturinn - tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna. Með Upptaktinum er áhersla lögð á að hvetja ungt fólk til að semja sína tónlist og senda inn tónsmíð, eða drög að tónverki. Dómnefnd sem skipuð er fagmönnum velur úr innsendum hugmyndum. Þau verk sem valin eru, verða fullunnin í vinnustofu með aðstoð tónlistarnemenda Listaháskóla Íslands. Einnig verður farið í að leita leiða hvernig

tengja má tónlistaráherslu Upptaktins við fleiri listgreinar. Tónverkin eru flutt á metnaðarfullri og glæsilegri tónleikadagskrá í tónlistarhúsinu Hörpu.

Orgelhúsið, félagasamtök – kr. 500.000.-

Orgelkrakkastundir gefa grunnskólabörnum á Norðurlandi Eystra, Suðurnesjum og Höfuðborgarsvæðinu tækifæri til að setja saman lítið, sérsníðað orgel frá grunni og kynnast þannig uppbyggingu hljóðfærisins og hvernig hljómurinn í því myndast. Börnin vinna sjálf alla vinnuna undir leiðsögn tveggja organista. Verkefnið þjálfar börnin í að vinna saman í hóp til að ná markmiðinu og þarf hópurinn að vera samhentur og útsjónarsamur. Í lok hverrar stundar hjálpast þau að við að leika á orgelið því það virkar ekki nema blásið sé í belgi þess.

Ólafur B. Ólafsson og Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir í samstarfi við Klettaskóla – kr. 500.000.-

Fuglaveröld er söngleikur um íslenska fugla, sem samanstendur af 15 sönglögum og sex dönsum. Verkefnið felst í því að nemendur úr 5. - 10. bekkjum Klettaskóla, rúmlega 90 að tölu, æfa söngleikinn undir handleiðslu kennara sinna og flytja hann síðan á hátíðarsal skólans. Kór Klettaskóla verður leiðandi í flutningi tónlistarinnar sem leikin er á píanó og ásláttarhljóðfæri. Stefnt er að því að sýna Fuglaveröld á Barnameningarhátíð í Reykjavík og gefa þannig fötluðum nemendum Klettaskóla tækifæri til þátttöku í hátíðinni á sínum forsendum.